

Nd. **880. Frumvarp til laga** [310. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Á eftir IX. kafla laganna, 26. gr., komi nýr X. kafli, svohljóðandi:

X. kafli

Um nám fullorðinna.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka stúdentsprófi. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa, og um námskeiðsgjöld, er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna. Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

Tölusetning lokaákvæða laganna breytist til samræmis, þannig að núverandi X. kafli verður XI. kafli og núverandi 27. gr. verður 28. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.